

35. fundur stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja Fundargerð

Fundur haldinn fimmtudaginn 8. október 2020 kl. 14:30 að Garðvegi 1, Suðurnesjabæ.

Viðstaddir:

Björk Guðjónsdóttir, fulltrúi Náttúrustofu Suðvesturlands
Fríða Stefánsdóttir, stjórnarformaður og fulltrúi Suðurnesjabæjar
Guðmundur Grétar Karlsson, fulltrúi SSS
Halldór Pálmar Halldórsson, fulltrúi Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum
Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja
Jóhann Friðrik Friðriksson, fulltrúi Keilis

Guðmundur Grétar og Jóhann Friðrik sóttu fundinn í fjarfundi.
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt og undirrituð.

Dagskrá fundarins:

1. Síðustu fundir og upptakomur

Forstöðumaður fór yfir síðustu fundi og upptakomur, þar á meðal stjórnarfundi hjá Samtökum þekkingarsetra sem hafa verið allnokkrir, ársfund samtakanna 30. september síðastliðinn, og fund stjórnar þeirra með fulltrúum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og mennta- og menningarmálaráðuneytis í samstarfshópi um nýsköpun. Þá var ársfundur INTERACT samtakanna haldinn í fjarfundi 22.- 24. september og sat forstöðumaður hann.

2. Áhrif Covid á starfsemina

Heimfaraldur Covid-19 hefur haft nokkur áhrif á starfsemi Þekkingarsetursins og þá aðallega á tekjur. Nokkrir hópar hafa þurft að fresta eða hætta við fundi og heimsóknir í Þekkingarsetrið og fjöldi leik- og grunnskólanemenda sem heimsóttu setrið í vor var aðeins um helmingur þess fjölda sem venjulega kemur. Þá var gestafjöldi ársins þriðjungur á við hefðbundið ár. Ekki verður hægt að halda starfsgreinakynningu fyrir grunnskólanemendur sem SSS stendur fyrir, sem felur í sér tekjutap, en hún verður haldin að ári ef aðstæður leyfa. Rannsóknastarf í húsinu hefur að mestu gengið sinn vanagang sem er jákvætt.

3. Átaksverkefnið

Í vor gafst Þekkingarsetrinu tækifæri til að senda Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu tillögur að átaksverkefnum vegna aukinnar þjónustu ríkisins á Suðurnesjum, og voru fimm tillögur sendar. Setrið fékk að endingu 19,5 milljónir af því fjármagni sem sett var í þessa auknu þjónustu og hefur gert samning við SSS um framkvæmd tveggja verkefna sem valin voru af tillögunum fimm. Annars vegar voru haldin þrjú ókeypis sumarnámskeið fyrir krakka á aldrinum 7-12 ára í sumar og tveir háskólanemar ráðnir til að skipuleggja og sjá um þau. Hins vegar verður unnið að þróun raungreinabúða á Reykjanesi í samstarfi við GeoCamp Iceland og hefur Hildur Sigfúsdóttir verið ráðin til að stýra verkefninu næsta árið. Næsta sumar er gert ráð fyrir að litlar raungreinabúðir verði prufukeyrðar og verða tveir háskólanemar á sviði raunvísinda ráðnir til að sinna því verkefni.

4. Sumarið 2020

Mikið var um að vera í Þekkingarsetrinu í sumar þrátt fyrir að gestir hefðu verið færri en venjulega og fór forstöðumaður yfir helstu verkefnin. Alls voru fjórir sumarstarfsmenn við störf í setrinu í sumar.

5. Önnur mál

Rætt var um viðhaldspörf húsmuna sem er orðin talsverð. Forstöðumaður lagði til að kaffistofa starfsmanna yrði endurnýjuð í heild sinni, screen gluggatjöld sett í flesta glugga á neðri hæð og að skipt yrði um sófa á náttúrugripasýningu og samþykkti stjórn allar tillögurnar. Frekari endurbætur og innkaup verða rædd í byrjun næsta árs ásamt endanlegri viðhaldsáætlun.

Næsti fundur haldinn fimmtudaginn 26. nóvember kl. 15:00.

Fundi var slitið kl. 16:00.

Hanna María Kristjánsdóttir tók saman fundargerð.

Björk Guðjónsdóttir - Sign

Fríða Stefánsdóttir - Sign

Guðmundur Grétar Karlsson - Sign

Halldór Pálmar Halldórsson - Sign

Jóhann Friðrik Friðriksson - Sign

Hanna María Kristjánsdóttir - Sign